

Nd.

## 147. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um stofnun peningalotteris fyrir Ísland.

Frá skattanefndinni.

1. Við 1. gr., 1. m.gr.  
Eftir: »R af Dbg« komi: báðum til heimilis í Reykjavík.
2. Við sömu gr. b. bætist:  
Auk þess skal leyfishöfum heimilað að heimta allt að 2% af iðgjaldinu.
3. Við sama lið, 3. m.gr.:  
Eftir: »greiddir af hendi« komi: affallalaust.
4. Við sömu gr. d.:  
Í stað orðanna: »3 Íslendingar og 3 Danir« komi: eigi færri Íslendingar en 3.
5. Við sama lið:  
Í stað orðanna: »sem hafa hæfileika til að eiga sæti í fjölskipuðum dómstóli« komi: sem gengir eru í æðri dómstóla.
6. Við sömu gr. e.:  
»40« verði: 30, og orðin: »að telja« á seinni staðnum falli burt.
7. Við sömu mgr.:  
Aftan af mgr. falli: »að fyrirmana að íslenskt lotteri sje lengur rekið«, en við bætist: enda sje leyfið notað fyrir 31. desbr. 1913.
8. Við sama lið, 2. mgr.:  
Í stað orðanna: »með greiðslu« komi: til greiðslu.
9. Við sömu mgr.:  
Eftir orðin: »eða ef« komi: tryggingasjóðnum verður ekki viðhaldið, eða ef.
10. Við sömu mgr.:  
Í stað orðanna: »sem samþykkt er fyrir lotteriið er brotin af þeirra hendi« komi: er brotin af þeirra hendi, sem sett verður fyrir lotteriið.
11. Við sömu gr. f.:  
Í stað orðanna: »að minsta kosti 2%« komi: 4%.
12. Við sömu gr., g:  
Í stað: »hverjum flokki« komi: hvorum flokki.
13. Við 2. mgr.  
Í stað orðanna: »fyrir því sem ávantar, er ráðherra Íslands tekur gilda« komi: er ráðherra Íslands tekur gilda fyrir því sem ávantar.

14. Við 3. mgr.:  
Eftir: »ábyrgist« komi: fyrir landssjóðs hönd.
15. Við 2. gr.:  
Greinin falli burt.
16. Við 3. gr.:  
Greinin verði: 2. gr. og »2000« verði: 1000
17. Við 4. gr.:  
Greinin verði 3. gr.
18. Við sömu gr.:  
Aftan við 1. mgr. bætist: nje leggja þar á það stimpilgjald.
19. Við 3. mgr.:  
Í stað: »opinber« komi: almenn.